




Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

1.1



## Dalskóli

2024 – 2025



DALSKÓLI

### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024 .....	4
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	5
4 Innra mat deilda .....	8
4.1 Fífudalur og Mosadalur .....	8
4.2 Álfabjörg, Tröllabjörg og Vættabjörg .....	11
4.3 Dvergadalur, Huldudalur og Töfradalur .....	13
4.4 Listasmiðjur og smiðjur .....	15
4.5 Tónlist.....	16
5 Innra mat sérkennslu.....	18
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn .....	20
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	21
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	22
8 Foreldrasamvinna .....	22
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	23
10 Fylgiskjöl .....	23



## Leiðarljós leikskólans

„ Hamingjan er ferðalag,, og er skapandi starf okkar rauði þráður í gegnum alla vinnu með börnum.

## 2 Greinargerð leikskólastjóra

Dalskóli leikskólahluti vinnur með hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem skapandi starf er í hávegum haft. Auk þess er áhersla á útinám barnanna. Mikil áhersla er lögð á skráningar eða persónumöppu sem hvert barn byrjar að safna í frá fyrsta leikskóladegi.

Eins og alltaf biðu okkar hinar ýmsu áskoranir og verkefni sem þurfti að takast á við með ýmsum hætti. Mestu áskoranirnar voru helst þær hvað erfilega gekk að ráða í stöður kennara og einnig voru kennarar að detta í langtímaveikindi. Það er alltaf snúið að vera búin að gefa börnum dagsetningar á aðlögun og vera á sama tíma ekki með nægt starfsfólk. Þess vegna dróst aðlögun fram eftir vori.

Viðhorfskönnunin Stofnun ársins haust 2023 sem gerð var kom ágætlega út þar sem að haustið var þungt. Það var margt jákvætt en annað sem þarf að bæta. Sú vinna sem við þurfum að halda áfram með næsta vetur er að þétta starfmannahópinn saman þar sem við erum í tveimur húsum. Búið er að setja sameiginlega deildarstjórafundu einu sinni í mánuði og sameiginlega fundu með báðum húsum á starfsdögum. Þar sem fjögurra ára börnin verða í tveimur húsum verður stefnt að sameiginlegum smiðjum yfir veturinn. Við förum bjartsýn inn í næsta vetur þrátt fyrir nokkrar mannabreytingar sem verða á haustmánuðum.

Verkefnin okkar voru mörg og skemmtileg allan veturinn. Sem betur fer gekk ýmislegt eftir sem við höfðum áætlað í síðustu starfsáætlun og endurmati. Fyrir haustið 2024 -2025 var sótt um í A hluta menntastefnu borgarinnar um Læsi - Þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi, þar sem áætlað er að bæði húsin setji sér áætlanir í læsi og reynt sé að setja sameiginlega sýn fyrir bæði húsin.

Smiðjuvinnan okkar gekk vel í vetur og var mikið um áhugaverðar og skemmtilegar smiðjur í báðum húsum þar sem börnin nutu sín við að kafa dýpra í þau verkefni sem fönguðu áhugasvið þeirra.

Að venju tóku elstu börnin þátt í Barnamenningarhátíð í samstarfi við Tónskóla Sigursveins. Þessi sýning tókst með miklum ágætum og vakti mikla athygli eins og alltaf. Í ár var yfirskriftin, Regnbogi meistarans. Elstu börnin unnu í smiðjunni Tökum flugið, þar var unnið með Regnbogi meistarans sem þau köfuðu dýpra með í allskonar útfærslum. Úr þessu varð hin skemmtilegasta sýning og bæði kennarar og börn fengu mikið út úr þessari vinnu og sköpunin náði sínum hæstu hæðum að vanda.



Börnin hafa unnið með hin ýmsu verkefni í takt við smíðjur vetrarins og alltaf er sama gleðin og metnaðurinn í kring um þá vinnu alla.

Stjórnendur halda áfram að vinna í og þróa innra mat. Áætlað er að halda matinu áfram næsta vetur.

### 3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

#### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Matartímar barna</b>	Rætt á starfsmannaf.	Starfsmenn deilda	Margt hafði gengið vel en þurftum að gera breytingar á matartímum í Móa v. fjölgun barna Elstu börnin færðu kaffitímamann í flæði inn á deildum
<b>Matsteymi/matsfundir</b>	Á matsfundum	Matsteymið	Ekki náðist að funda regluleg þarf setja niður fundarboð yfir árið
<b>Mat á umbótaáætlun allra deilda</b>	Metið á fagfundi	Stjórnendur, deildarstjórar og leikskólakennarar	Margt hafi gengið vel en annað sem þarf að vinna áfram. Misjafnt eftir deildum.  Næsta haust verður sett upp að hver deild meti umbótaáætlunina þrisvar yfir önnina.

#### Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Viðhorfskönnunin Stofnun ársins haust 2023</b>	Lögð var fyrir könnun á vegum Gallup	Lögð fyrir starfsfólk Reykjavíkur	Stjórnun kom vel út og stefnt er á að styrkja hana en frekar með fag og stjórnendafundum, þar sem að deildar og sérkennslustjórar koma meira að daglegri stjórnun leikskólans. Stefnt á að bæta starfsanda og ímynd



## 4 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

### Stjórnun.

- Hafa deildarstjórafundum markvissa
- Senda út umræðuefni viku áður til undirbúnings.
- Deildarstjórar meti á deildarfundum jafnt og þétt yfir veturinn hvernig gengur að fylgja því eftir sem á að vinna að yfir veturinn
- Einn þáttur tekinn fyrir á deildarfundum, hvernig gengur og hvað þurfum við að gera betur til að ná því sem áætlað er að ná.
- Einhver úr stjórnandateymi komi inn á deildarfundum og hjálpi deildarstjórum við matið

### Uppeldis og menntastarf.

#### Reggio.

- Arndís taki á starfdegi fræðslu fyrir allt nýtt starfafólk á fyrsta starfsdegi haustsins
- Virkja alla á deildinni í að vera ábyrgir fyrir sinni deild og hjálpa til við að gera umhverfið að þriðja kennara
- Opinn efniviður tekinn inn í meira mæli og allir hjálpist að við að skilja við deildina í góðu ástandi.

#### Læsi

- Hljóm niðurstöður og TRAS niðurstöður skoðaðar á hausti
- Áætlanir gerðar í samræmi við þær inni á hverri deild varðandi málörvun
- Deildarstjórar geta leitað til sérkennslustjóra og stjórnendur með aðstoð
- Aukinn samvinna á milli hús áætlun gerð að hausti

### Mannauður.

- Íslensku námskeið í boði fyrir alla starfsmenn af erlendum uppruna í Dalskóla
- Allir starfsmenn af erlendum uppruna fóru í stöðumat, og kennslan byggir á þeim niðurstöðum
- Torgið nýtt í fræðslu yfir veturinn



## Sameiginleg sýn

- Allir starfsmenn taka þátt í að vinna í námsskránni
- Fólk færast á milli húsa í starfi.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
Stjórnendafundur og sameiginlegir deildarstjórafundir milli húsa	Stjórnendateymi skólans hittist vikulega og reglulegir deildarstjórafundir milli húsa	Settir verða fastir fundartímar strax að hausti fyrir veturinn	Stjórnendur	Haust 2024	Vor 2025	Metið á fundum	Að það náist reglulegir fundir yfir veturinn
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
Aukin samvinna 4 ára milli húsa	Fjögurra ára börnin verða í tveimur húsum	Sett verði plan að hausti um hvernig samstarfinu verði háttað	Deildarstjórar Stjórnendur	Haust 2024	Vor 2025	Metið af deildarstjórum fjögurra ára barna jafnt og þétt yfir veturinn	Að börnin í Dal kynnist húsnæði Móa
Reggio	Aukin fræðsla til starfsfólks um Reggio og gerð skráninga í starfi með börnum	Fræðsla á starfsdegi að hausti	Stjórnendur Deildarstjórar	Haust 2024	Haust 2025	Metið á starfsdögum og deildarfundum	Að starfsfólk þekki vel stefnu og áherslur í starfi
Læsi	Auka málörvun á deildum	Unnið sé markvisst með málörvunarhópa og málörvun inni á deildum	Stjórnendur sérkennslustjórar deildarstjórar	Haust 2024	Vor 2025	Metið á deildarstjórafundum og stjórnendafundum	Að starfsfólk deilda sinni málörvun í auknum mæli
<b>Mannauður/ Leikskólabragur</b>							
Fræðsla og endurmenntun	Starfsfólk hvatt til að nýta sér Torgið	Starfsfólk hvatt til að fara á námskeið og fræðsla á Torginu Nýliðafræðsla	Stjórnendur Sérkennslustjórar Deildarstjórar	Haust 2024	Vor 2025	Metið á deildarstjórafundum og stjórnendafundum	Að starfsfólk fái tækifæri og tíma til að sinna endurmenntun
Sameiginleg sýn	Sameiginleg sýn á stefnu og starf skólans	Skipulagsdagar nýttir til fræðslu og stefnumótunar. Nýliðafræðsla  Námskeið	Stjórnendur Sérkennslustjórar Deildarstjórar	Haust 2024	Vor 2025	Metið á starfsdögum og fagfundum	Að starfsfólk þekki og vinni eftir sýn og stefnu skólans. Allir komi að fagstarfi
<b>Innra mat</b>							
Matsteymi	Virkja matsteymi	Sett verði upp matsáætlun fyrir veturinn	Stjórnendur	Haust 2024	Vor 2025	Metið á matsfundum	Að náist að virkja matsteymið og matsáætlun verði fylgt eftir



## 5 Innra mat deilda

### 5.1 Fífudalur og Mosadalur

#### Endurmat á umbótaáætlun seinasta veturs

- **Málörvun/Hljóm2**
  - Markmiðið var að byrja á markvissri málörvun sem miðar að eflingu hljóðkerfisvitundar strax um haustið
    - Ákveðið var að hafa Hljóm-stundir fjóra daga í viku og þá eftir útiveru eftir hádegi. Við skiptum hópnum í tvennt og unnum markvisst með rím, klappa í atkvæði og lékum okkur með allskonar orð. Við settum saman orð og tókum í sundur og lékum okkur þannig á margvíslegan hátt með íslenskuna. Þessar stundir gengu ágætlega en féllu stundum niður vegna allskonar hluta s.s. mannekle.
- **Mannauður**
  - Markmiðið var að stuðla að jákvæðum samskiptum og efla áhuga á faglega starfinu og hvert öðru.
    - Deildarfundir voru af mjög skornum skammti í vetur þar sem erfiðlega gekk að skipuleggja fundartíma og afleysingu samhliða breyttu fyrirkomulagi á styttingu vinnutíma. Teljum við það hafa haft neikvæð áhrif af ýmsum toga, t.a.m. minna samræmi milli hópa (t.d. reglur og vinnulag), þyngri samskipti, verri umgengni um leikefni og húsnæði og almennt erfiðara vinnuumhverfi þar sem samskiptaleiðir voru af skornari skammti.
- **Samstarf milli húsa**
  - Markmiðið var að auka samstarf milli húsa og auðvelda þar með aðlögun milli Dals og Móa.
    - Eftir áramót voru skipulagðar reglulegar heimsóknir barna fæddra 2019 milli húsa. Börnin í Dal komu einu sinni í viku í tónlistartíma og/eða leikstundir og börnin í Móa fóru í 10 barna hópum í Dal í leikstundir.
    - Áhrif þessara heimsókna á milli sýndu sig í bersýnilega auðveldari aðlögun þessara 10 barna frá Dal yfir í Móa nú í júní. Börnin þekktu húsnæðið og kennarana og voru frá byrjun örugg í nýjum aðstæðum.





## Umbótaáætlun '24 - '25:

### Reggio Emilia

- Styrkleikar:
  - Kominn góður rammi utan um smiðjustarf (þema/könnun/Project) og skráningar, hefur t.d. reynst vel að setja ákveðna hópstjóra sem halda utan um smiðjustarf á deildum og sjá um skipulag síns hóps.
  - Leikumhverfi á deildum hvetur til skapandi starfs, upplifunar og uppgötvunar. Lýsing dreifð og dempuð, náttúrlegur efniviður sem og skreytingar (t.d. lifandi blóm).
  - Listasmiðjan í heild sinni (efniviður, umhverfi, faglegur grunnur, kennsla) sem tekur mið af smiðjustarfi sem og árstíðabundnum viðfangsefnum.

### Málörvun

- Styrkleikar:
  - Lubbastundir, söngstundir, viðtöl við börn v/skráninga, spilahópar.

### Leikurinn

- Styrkleikar:
  - Unnið er að því að gera umhverfi á deildum í anda Reggio Emilia aðferðarfræðinnar, leikefni aðgengilegt og afmarkað við svæði, efniviður opinn, náttúrulegur og ýtir undir sköpun, „lausuhlutasvæði“ (e. loose parts play)
  - Í hverri viku sem og innan hvers dags er reynt að hafa jafnvægi milli kennarastýrðra stunda sem og stunda þar sem börnin hafa rými og tíma til að taka þátt í, stofna til og þróa frjálsan og sjálfsprottinn leik.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tími	Hvernig metið/aðf.?	Viðmið um árangur
<b>Reggio Emilia</b>	Styrkja smiðjuvinnu/ dýpka faglega þáttinn/ dýpka nám barnanna	Góðir fundir í upphafi smiðju og eftirfylgd með smiðjuferli.  Bæta umhverfi í anda RE, t.d. m/lituðu gleri og/eða speglum.  Tengja leikfni betur við RE og smiðjur hverju sinni.	Deildarstj. og stjórnendur	Veturinn 2024 - 2025	Rýni og endurmat á deildarfundum og/eða deildarstj. fundum.	A.m.k. fundur í upphafi hverrar smiðju.  Í hverju rými sé a.m.k. eitt svæði sem lýtur að RE þar sem efniviður einkennist af náttúru, litum og/eða ljósi.
<b>Málörvun</b>	Auka/ efla málörvun í samverustundu m/ gera markvissari	Koma upp hugmynda/ verkfærakassa á deildum, t.d. verkefni úr <i>Orð eru ævintýri</i>	Deildarstj.	Veturinn 2024 - 2025	Rýni og endurmat á deildarfundum og/eða deildarstj. fundum.	Á hverri deild sé góður banki af hugmyndum til að grípa í með samveru. Kassinn sé aðgengilegur og vel um genginn.
<b>Leikurinn</b>	Bæta leikumhverfi barnanna og tengja það betur reggio emilia	Skipuleggja leiksvæði betur t.d. sjónrænar merkingar og reglur.  Auka við opinn og náttúrulegan efnivið  Dagskipulag gefa tíma fyrir frjálsan leik	Deildarstj. auk ákv. ábyrgðaraðila yfir merkingar á svæðum (deildarstj. skipuleggja)	Veturinn 2024 - 2025	Rýni og endurmat á deildarfundum og/eða deildarstj. fundum.	Vel afmörkuð leikrými með ákv. leikfni í boði, hirslur vel merktar ákv. leikfni auk sjónr. reglna á viðk. svæði. (sjá listasm.)  Dagskipulag ætti að miða að því að hafa tíma fyrir frjálsan leik a.m.k. tvisvar dag hvern.



## 5.2 Álfabjörg, Tröllabjörg og Vættabjörg

### Reggio

- Styrkleikar: Skemmtilega útfærðar smiðjur þar sem unnið var með raunverulega atburði sem voru í gangi í þjóðfélaginu. Það skapaðist mikil umræða bæði heima og í leikskólanum sem nýtt var í margskonar skemmtileg verkefni þar sem upplifun og sköpun voru höfð að leiðarljósi.

Umbótaáætlun: Smiðjur milli húsa þurfa ekki að vera jafn langar, meira jafnvægi mætti vera í tímalengd hvernar smiðju svo allar smiðjur fái tíma til að blómstra.

### Málörvun

- Styrkleikar: Samverustundir þar sem lögð var áhersla á söng, sögur og sögugerð voru ríkjandi yfir veturinn. Eins var unnið með málörvunarhópa bæði innan og utan deilda.

Umbótaáætlun: Markvissari málörvunarhópar. Aukin áhersla á rím og aðra lykilþætti í HLJÓM-2.

### Leikurinn

- Styrkleikar: Frjáls leikur hefur fengið mikið rými inn á öllum deildum og hafa börnin fengið tækifæri til að dýpka hann á eigin forsendum með og án aðstoðar starfsfólks.

Umbótaáætlun: Meiri fræðsla fyrir starfsfólk um mikilvægi leiks og hlutverk hins fullorðna í honum. Mikilvægt að vera sveigjanleg á tíma þegar kemur að leik og frágang. Að hinn fullorðni beri virðingu fyrir afrakstri þeirra í leiknum.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Reggio</b>	Skapa umhverfi sem er fallegt, áhugavert og hvetjandi til sköpunar.	Með áframhaldandi smiðjum og kveikjum.	Deildastjóri og starfsmenn deildar.	sept	júní	Fjölbreyttar aðferðir.	Skráningar og smiðjulok.
<b>Málörvun</b>	Enn meiri málörvun þar sem lögð er áhersla á lykilkætti úr HLJÓM-2.	Nýta lykilkætti úr HLJÓM-2 og hafa markvissa málörvunarhópa, þar sem tekið er tillit til getu hvers barns.	Deildastjóri.	Sept	Júní	Metið með þeim skimunartækjum sem við höfum og vinnum með.	Metið með þeim skimunartækjum sem við höfum og vinnum með.
<b>Leikur</b>	Skapa rými og tækifæri til leiks.	Fræðsla starfsfólks og sveigjanleiki í tímaramma.	Deildarstjóri og annað starfsfólk.	Ágúst	Júlí	Metið einu sinni í mánuði á deildarfundum.	Starfsfólk fylgist með virkni og þátttöku barna í leik.



### 5.3 Dvergadalur, Huldudalur og Töfradalur

#### Reggio

- Styrkleikar: Unnið var að margskonar skemmtilegum verkefnum þar sem að haft var að leiðarljósi að vinna með upplifun og skynjun.

Umbótaáætlun: Bæta skráningar og að allir starfsmenn komi að því að taka þátt í gerð skráninganna. Að gerðar verði fleiri skráningar sem ekki hafa verið ákveðnar fyrir fram eða tengjast smiðjuvinnu.

#### Málörvun

- Styrkleikar: Samverustundir hafa gengið vel í vetur, misjafnt hefur verið hvort að það sé verið að lesa eða syngja með börnunum.

Umbótaáætlun: Hafa málörvunarhópa fyrir þau börn sem á því þurfa að halda og auka málörvun inni á deildum. Syngja alla daga og fara markvisst með þulur og vísur.

#### Leikurinn

- Styrkleikar: Börnin gott rými fyrir frjálsan leik inni á deildum og í útiveru. Opinn efniviður sem hentar aldri hefur verið mikið nýttur ásamt efnivið í hlutverka leik.

Umbótaáætlun: Bæta leikefni sem hentar yngstu börnum leikskólans, auka opinn efnivið en frekar. Hlutverkaleikur og leikefni tengt honum verði yfirfarið og bætt. Fræðsla fyrir starfsfólk um mikilvægi frjáls leiks og hlutverk kennara í leik.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Reggio	Að skapa umhverfi og aðstæður sem hvetja til sköpunar. Að gerðar séu fjölbreyttar skráningar í starfi.	Fræðsla frá verkefnastjóra myndlistar fyrir nýtt starfsfólk um Reggio og skapandi starf. Fræðsla á starfsdögum og deildarfundum	Deildarstjórar og stjórnendur	Haust 2024	Vor 2025	Metið á deildarfundum og deildarstjórafundum	Að starfsfólk þekki vel stefnu Reggio og að starfsfólk taki í auknum mæli þátt í gerð skráninga og annars skapandi starfs
Málörvun	Að auka málörvun á deildum og málörvunarhópum	Málörvunarhópar	Deildarstjórar	Haust 2024	Vor 2025	Metið með sérkennslustjóra, á deildarfundum og deildarstjórafundum	Að öll börn fái málörvun
Frjáls leikur	Að hlutverkaleikur fái gott rými í dagskipulagi	Fræðsla starfsfólks og sveigjanleiki í tímaramma.	Deildarstjóri og annað starfsfólk	Haust 2024	Vor 2025	Metið einu sinni í mánuði á deildarfundum.	Starfsfólk fylgist með virkni og þátttöku barna í leik.



## 5.4 Listasmiðjur og smiðjur

### Reggio

- Styrkleikar: Unnið með opin efnivið í Listasmiðju og í smiðjum. Áhersla er lögð á að barnið finni sitt áhugasvið á viðfangsefninu hverju sinni og unnið er út frá því. Lögð er áhersla á opin efnivið og að barnið fái að kanna hann á sínum forsendum.

Umbótaáætlun: Leggja meiri áherslu á að gera umhverfið inn á deildum meira í takt við viðfangsefni smiðjanna.

### Málörvun

- Styrkleikar: Börnin eru hvött til þess að segja frá því sem þau eru að gera bæði í smiðjum og í Listasmiðju. Kennarinn tekur skráningar og skráir hjá sér vangaveltur og hugmyndir barnanna.

Umbótaáætlun: Auka skráningar

### Leikurinn

- Styrkleikar: Rýminu í Listasmiðjunni er iðjulega umbreytt hverju sinni eftir því sem verið er að vinna í Listasmiðjunni og smiðjum. Börnin fá að leika sér með efniviðinn og kanna hann og upplifa á sínum forsendum.

Umbótaáætlun: Vera duglegri að breyta um leikefni inn á deildum í tengslum við smiðjurnar. Að rýmið í Árdal sé nýtt en frekar og sett upp þannig að það sé í tengslum við smiðjuna.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Listasmiðja og smiðjur	Breyta leikefni og auka opinn efnivið í tengslum við smiðjurnar	Allir duglegir að koma með hugmyndir og setja meiri opinn efnivið inn á deildir	Deildastjórar og Verkefnastjóri myndlistar	Haut 2024	Vor 2025	Á deildarfundum og smiðjufundum	Að opinn efniviður hafi fengið aukið vægi í leik barnanna og unnið sé með efnivið sem tengist því sem er verið að vinna með í smiðjum



## 5.5 Tónlist

### Reggio

Styrkleikar:

- Tónlistastundir á Fífudal og Mosadal gengu vel í vetur og var mikil áhersla lögð á samvinnu, hlustun og söng. Sameiginlegar söngstundir beggja deilda voru einusinni í viku.
- Eftir áramót kom verkefnastjóri 1x í viku til að stýra sameiginlegri söngstund á Yngri deildum og mæltist það vel fyrir.
- Áfram verður haldið uppi sameiginlegum söngstundum í báðum húsum 1x í viku á komandi vetri.

Umbótaáætlun:

Leggja þarf meiri áherslu á að sungið sé inni á deildum daglega og kennarar komi sér saman um hvaða lög eigi að leggja áherslu á hverju sinni. Til að tónlistin nýtist sem málörvunartæki þarf að syngja meira og reynt verður að gera fleiri lög myndræn fyrir fjölyngd börn.

Deildarstjórar velji 2-3 lög sem allir syngja og æfa í hverjum mánuði tengt smiðjuvinnu. Textar séu aðgengilegir inni á deildum.

Á komandi vetri mun verkefnastjóri sinna tónlistarstundum með öllum yngri deildunum 6 fyrir áramót. Eftir áramót fer verkefnastjóri yfir í Móa þar sem elstu börnin eru og sinnir verkefni með þeim tengt Barnamenningarhátíð.

Einnig munu öll 4-5 ára börn sem eru í báðum húsum Móa og Dalnum fá tónlistarstund 1x í viku.

Fyrir áramót koma börnin sem eru í Móa yfir í Dalinn alla þriðjudaga í tónlistarstundir með 4-5 ára í Álfabjörgum og eftir áramót fara börnin í Álfabjörgum yfir í Móa með 4-5 ára börnunum í Mosadal. Sameiginlegar söngstundir fá rými í dagskipulagi deilda í báðum húsum.

### Málörvun

- Styrkleikar: Söngur sem málörvunartæki. Í tónlistarstundum sem allar deildar fá 1. sinni í viku er unnið í litlum hópum eftir aldri. Löginn sem sungin eru styðja og styrkja börnin í að auka orðaforða. Lögð eru inn ný orð í söngvum og vísnum sem börnin tileinka sér smám saman. Lubbalöginn eru sungin inni á deildum í litlum hópum sem leggja áherslu á málhljóðin.





Umbótaáætlun:

- Lubbalögin sunginn inn á deildum
  - Tónmál, tónlistarefni til málörvunar með 3-4 ára
  - Myndrænir söngtextar til að auðvelda börnum að skilja og læra texta.

**Leikurinn**

- Styrkleikar : Mörg börn söngla þegar þau eru að leika sér. Kallast það sjálfsprottin söngur.

Umbótaáætlun: Mikilvægt er að starfsfólk gefi sjálfsprottna söng barnanna gaum í leik þeirra. Einnig getur ákveðin tónlist í bakgrunni ýtt undir jákvæðan og uppbyggilegan leik barnanna, sérstaklega hreyfileiki. Ákveðin tónlist getur líka verið hvetjandi í lok leiks þegar ganga þarf frá á leiksvæði.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Tónlist</b>	Syngja daglega inni á deildum	Allt starfsfólk Myndrænt eftir þörfum Senda lagalista með lögum mánaðarins til foreldra	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Deildarstjórar Verkefnastjóri tónlistar verkefnastjóri/deildarstjó rar	Sept 2024	Mai 2025	Söngbók aðgengileg á hverri deild	Metið hvernig gengur á deildarfundum og starfsmannafundum jafnt yfir veturinn
	Sameiginlegar söngstundir 1x viku	Skipulagt í dagskipulagi allra deilda	Deildarstjórar og verkefnastjóri	Sept 2024	Mai 2025	Samsöngur þar allar deildar koma saman í hverju húsi einu sinni í viku og syngja 4-5 fyrirfram ákveðin lög verið er að æfa hverju sinni	Á starfsmanna fundum
<b>Málörvun í tónlist</b>	Lubbalögin	Inni á deildum	deildarstjórar	sept2024	Maí 2025		Á deildarfundum
	Tónmál með 3- 4 ára	tónlistarstundir	Verkefnastjóri tónlistar	sept2024	Des. 2025		Á starfsmannafundi í lok tímabils
	Söngtextar myndrænir	Inn á deildum og í tónlistarstundum	Deildarstjórar og verkefnastjóri tónlistar	Haut 2024	Vor 2025		Á starfsmannafundum
<b>Tónlist í leik barna</b>	Nota viðeigandi tónlist á deildum til örvunar og hreyfileikja	Inni á deildum og úti	Allt starfsfólk	Haut 2024	Vor 2025		Á deildarfundum



## 6 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2023-2024

<p><b>Skipulagning sérkennslu</b></p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð;</p> <p>Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?</p> <p>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?</p> <p>Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Í Dalskóla er unnið eftir hugmyndafræði um menntun án aðgreiningar. Lögð er áhersla á virkni og þátttöku allra barna í daglegu starfi, sérstaklega þá börn sem þurfa auka stuðning. Gerðar voru áætlanir fyrir einstaklinga sem þess þurftu. Kennarar/starfsfólk sem tengjast börnum sem þurfa sérstuðning sinna einstaklingsvinnu en lögð er áhersla á að allir á viðkomandi deild sinni og fylgi eftir áherslum viðkomandi barns, að barnið sé hluti af barnahópnum.</p> <p>Í kennslu eru nýtt gögn úr atferlisþjálfun og TEACH eftir því sem við á hvort sem er í hópastarfi eða einstaklingskennslu.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b></p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2, EFI-2 og fl.</p>	<p>TRAS, EFI-2 og HLJÓM-2 eru notuð sem skimunartæki. AEPS, ABLLS-R, Orðaskil, Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, hæfnisrammar fyrir fjöltyngd börn, Íslenski máhljóðamælirinn, Bjargirnar eru listar sem voru notaðir eftir þörfum.</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b></p> <p>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Í sérkennslu eru nýtt ýmiskonar spil og gögn/leikföng fyrir málörvun, félagsfærni og vitsmunabroska, skynúrvinnslu. Einnig er mikil áhersla lögð á skapandi efnivið sem nýtist vel í sérkennslu.</p>



## Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Námskeið og fræðsla	Fleiri námskeið og meiri fræðsla fyrir starfsfólk. Viljum leggja áherslu á félagsfærni og málproska	Lögð verður sérstök áhersla á náttúrulega kennslu.	Sérkennslu - stjórar og skólastjórar	Haut 2024	Vor 2025	Stjórnenda-fundir	Meta breytingar á deildum
„Það er gott að lesa“	Áfram verður unnið eftir markmiðum í læsisáætlun inni „Það er gott að lesa“.	Unnið verður aðallega með fyrstu þrjú markmið læsis-stefnunar	Sérkennslu- stjórar og deildarstjórar	Haut 2024	Vor 2025	Á fundum með samstarfsfólki	Að allt starfsfólk leikskólans sé meðvitað um helstu markmið stefnunar.
Málörvunarhópar	Búa til aðgengilegra leiðir svo allt starfsfólk geti tekið málörvunar hópa	Halda áfram að vinna með tilbúna poka með málörvun arefni. Þarf áframhaldandi vinnu. Hafa skipulagða málörvun arhópa í deildarstarfi	Sérkennslu- stjórar og deildarstjórar	Haut 2024	Vor 2025	Skráningar	Skoðað árangur mánaðarlega
Reglulegir póstar	Fræðsla, upplýsingar o.fl. fyrir foreldra	Sérkennslu- stjórar mæla sér mót um hvað verður sent í hverjum pósti	Sérkennslu- stjórar	Haut 2024	Vor 2025	Hversu margir póstar tókst að senda	Sendir 5-9 póstar á skólaárinu



## 5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Nýtt til þess að kaupa námsgögn.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Það er verið að vinna með Gefðu 10 vegna einstakra barna. Lögð er áhersla á auka orðaforða og víkka út setningar í daglegu starfi.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Í les- og samverustundum, smiðjuvinnum, með tónlist og öðru er verið að styrkja og dýpka orðaforða barna hvort sem það er í skipulögðu eða óskipulögðu starfi.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Verið er að nýta TRAS og hæfnirammann fyrir fjöltyngd börn í leikskóla til að fylgjast með færni fjöltyngdra barna í íslensku. Gerðar eru einstaklingsáætlanir eftir þörfum.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Allir þessir þættir tilheyra almennri málörvun samanber læsisstefnu leikskólans. Verið að vinna með þættina í smiðjuvinnu, barnameningarhátíðinni, listasmiðju, tónlist, í HLJÓM hópum o.fl. Það er hluti ef Reggio Emilia stefnunnar að fylgja áhuga, styrkleika og löngun barnanna.



## Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Gefðu 10</b>	Hver starfsmaður á deild gefur sér 10 mín á dag til þess að lesa fyrir, spjalla við eða annað þegar kemur að börnum sem þurfa aukna málörvun.	Deildarstjóri og sérkennslustj. minna á. Endurskoða leiðir til skráninga.	Deildarstj. og deildarstarfsfólk	Haut 2024	Vor 2025	Hæfnisrammi	Fara yfir skráningar á 3-6 mánaða fresti
<b>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</b>	Nota hæfniramma sem viðmið fyrir fjöltyngd börn	Kynna efni þeirra fyrir deildarstj.	Tengiliðar fjölmenningar/sérkennslustjórar og deildarstjórar	Haut 2024	Vor 2025	Skráningar	Metið í samráði við deildarstjóra
<b>Tungumálastefna</b>	Unnið hefur verið að gerð tungumálastefnu fyrir leikskólann og því verður haldið áfram	Sameiginleg sýn um hvaða tungumál við notum í leikskólanum	Skólastjórar	Haut 2024	Vor 2025	Í samráði við aðra leikskóla	Að starfsfólk þekki og virði tungumálastefnu skólans

## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Starfsþróunarsamtöl við deildarstjóra fara fram á vormánuðum

Nokkrir fyrirlestrar voru í upphafi síðasta skólaárs sem að nýttust okkur vel inn í starf vetrarins.

Fyrirlestrarnir voru:

- Eyrún Talmeinafræðingur kom og var með fyrirlestur um máltöku barna og hvernig hún þróast frá unga aldri. Mikilvægi þess að setja orð á athafnir og baða börnin í tungumálinu í leik og starfi.
- Brúarsmiðirnir komu með fyrirlestur um tungumálastefnuna. Starfsfólk fór í hópavinnu þar sem unnið var í málstefnu Dalskóla.
- Arndís Gísladóttir verkefnastjóri listasmiðju var með fræðslu fyrir nýliða um Reggio, árlegur fyrirlestur
- Fengum fyrirlestur frá sálfræðingi um jákvæða sálfræði, ekki vera Skúli Fúli.



- Menntastefnudagurinn Arndís Gísladóttir var með í beinu streymi frá Hörpu þar sem hún fjallaði um hvernig við í leikskólanum nýtum okkur menningarstofnanir í smiðjuvinnunni í Dalskóla. Eftir hádegi skráðu starfsmenn sig í heimsóknir í skóla þar sem þeir fengu kynningar á því sem verið hefur unnið með í menntastefnunni.

## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Starfsárið 2023-2024 var gott samstarf við grunnskólahluta Dalskóla og frístund. Hringekjan eins og það er kallað þegar elstu börnin í leikskólahlutanum og 1. bekkur grunnskólans hittast og vinna saman í litlum hópum þvert á aldur.

Frístundin eða Úlfabyggð bætti við vikulegum heimsóknum á þriðjudögum og fimmtudögum frá apríl og fram í maí. Þangað fóru þau í litlum hópum til þess að kynna bæði frístundarstarfsmönnum og því starfi sem þar fer fram.

Bætt var inn fleiri tímum í sundkennslu hjá elstu börnunum og tók íþróttakennari grunnskólahlutans á móti elsta árganginum í Dalslaug.

Börn bæði úr Móa og Dal hafa verið dugleg að nýta sér Borgarbókasafnið sem staðsett er í Dalskóla í vetur. Þar hafa þau farið í sögustundir, lesið bækur og fleira.

## 8 Foreldrasamvinna

Smiðjulok hafa verið á sínum stað í vetur og hefur verið vel mætt af foreldrum á þau.

Bónða- og mæðradagskaffi var haldið í kringum bóndadaginn í febrúar og mæðradaginn í maí líkt og venjan hefur verið hér í Dalskóla.

Foreldrafélagið Leikdalur bauð upp á piparköku málningu og kakó í desember. Sumarhátíð í júní sem haldin er af foreldraráðinu.

Boðið hefur verið upp á kynningarfundir fyrir nýja foreldra á vori. Foreldraviðtöl tvisvar á ári. Auk þess sem við leggjum mikla áherslu á að foreldrar geti óskað eftir viðtali hvenær sem er ef það er eitthvað sem þau þurfa að ræða.



## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar í vetur verða:

27.september

22. nóvember

2. janúar

6. febrúar

18. mars

12. maí

## 10 Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs

10.2 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).

F. h. leikskólans .....

Sólveig Þórarinsdóttir

01.09.2024

---

Leikskólastjóri

Dagsetning



**Fylgiskjal**

**Starfsáætlun 2024 – 2025**  
**Dalskóli**

**Umsögn foreldraráðs**

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

Agatha Sif Guðmundsdóttir





### **Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?**

Starfsáætlunin er skýr og samræmist skólastarfinu að mestu.

### **Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?**

Starfsáætlunin er aðgengileg inni heimasíðu Dalskóla og er þægilega uppsett og auðlesanleg.

### **Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?**

Starfsáætlunin gefur góða innsýn inn í starf leikskólans og starf hverrar deildar fyrir sig.

### **Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?**

Frábært að sjá aukna áherslu á tónlist bæði inni á deildum og með tónlistarstundum sem börn á öllum aldri eru að fá í vetur. Einnig skemmtilegt foreldrar séu farnir að fá markvist sent hvaða lög sé verið að syngja í leikskólanum.

Gott að sjá að unnið er með Lubba og markvissa málörvun inni á hverri deild. Gefðu 10 er frábær aðferð til að ná til barna sem þurfa auka málörvun en það er spurning hvort að þessi aðferð myndi ekki gagnast öllum börnum, ekki aðeins þeim sem þurfa auka örvun.

Ánægjulegt hvað vel hefur tekist að brúa bilið frá leikskóla yfir í grunnskóla.

Það er æðislegt að sjá að börnunum er gefin meiri tími fyrir frjálsan leik að minnsta kosti tvisvar yfir daginn því samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla er leikur meginnámsleið ungra barna. Einnig að aukin áhersla á opin efnivið og lausamuni sem samræmist Reggio Emilia hugmyndafræðinni sem leikskólinn vinnur eftir.

Aukin áhersla á fallett umhverfi, lýsingu og annað hefur jákvæð áhrif á skólabraginn.

### **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Fulltrúar í foreldraráði:

Agatha Sif Guðmundsdóttir



# Leikskóladagatal 2024 - 2025

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýfóðingur	1 L	1 L	1 Þ	1 F Vorkalfafréttir	1 S	1 Þ
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F Starfsgætur	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M Síðmannadagurinn	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M Ballósdagur	3 L	3 L	3 Þ	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 D Sprengidagur	4 F	4 S	4 M	4 F
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M Óskuldagur	5 L	5 M	5 F	5 L
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M Þrettándin	6 F Dagur leikskólanna/Starfsgætur	6 F	6 S	6 Þ	6 F Stúlurinn grunnskóli	6 S
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F Dagur tónlistarklefa	7 F	7 M	7 M	7 L	7 M
8 F	8 S	8 Þ	8 M	8 F Baráttudagur gegni einhætti	8 S	8 M	8 L	8 Þ	8 F	8 S Niðarinnadagur	8 D
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M Annar/hiðarinnadagur	9 M
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 D Dagur íslenskra tónlistarmáttara	11 D	11 F	11 S	11 M	11 F
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M Starfsgætur	12 F	12 L
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S Þátturinnadagur	13 Þ	13 F	13 S
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F Dagur varnarskránnar	14 M Starfsgætur/leikskóli	14 M	14 L	14 M
15 F	15 S	15 Þ	15 M	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 D Starfsgætur/leikskóli	15 F	15 Þ
16 F	16 M	16 L	16 Þ	16 F Dagur íslenskra máttara	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M Starfsgætur/leikskóli	16 F	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 F Skírdagur	17 L	17 D Ljónveldisdagurinn	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 D Starfsgætur	18 F Fátíðisdagurinn íslandi	18 S	18 M	18 F
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 L
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F Dagur mannréttindabarna	20 F	20 M	20 F	20 S Þátturinnadagur	20 Þ	20 F	20 S
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M Annar/Þátturinnadagur	21 M	21 L	21 M
22 F	22 S	22 Þ	22 M	22 F Starfsgætur	22 S	22 M	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F Þrettándin	23 F	23 S Kanudagur - upphaf Gðu	23 S	23 M Umbofsdagur	23 F	23 M
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M Starfsgætur/leikskóli	24 S	24 F	24 M Starfsgætur/leikskóli	24 M	24 F Sumardagurinn fyrsti	24 L	24 F
25 S	25 M	25 F	25 M	25 F Starfsgætur/leikskóli	25 M	25 L	25 D	25 Þ	25 F	25 S	25 M
26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F Starfsgætur/leikskóli	26 M	26 F	26 M	26 M	26 L	26 F	26 L
27 Þ	27 M	27 F	27 M	27 L	27 F Starfsgætur/leikskóli	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 S
28 M	28 L	28 M	28 F	28 M	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 M
29 F	29 S	29 Þ	29 M	29 F	29 S	29 M	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F Starfsgætur/leikskóli	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M	30 M
31 L	31 Þ	31 F	31 M	31 F	31 L	31 M	31 M	31 L	31 Þ	31 M	31 M

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:  
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumariyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.



LÁTUM  
**DRAUMANA**  
RÆTAST